

**Ed.**

## **20. Frumvarp**

til laga um afnám laga nr. 1 8. marz 1920, um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á ópörfum varningi.

Flutningsm.: Magnús Jónsson.

### **1. gr.**

Lög nr. 1 8. marz 1920, um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á ópörfum varningi, eru úr gildi felld.

### **2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Greinargerð.**

Eftir því sem lengra líður eykst nauðsyn þess að nema úr gildi lög þau, sem hér um ræðir. Innflutningshöftin eru fyrir löngu búin að missa allt gildi sitt í þá átt að vernda gjaldeyri landsmanna, en þau viðhalda margskonar rangsleitni og ruglingi í viðskiptum. Út á við spilla þessar pappísráðstafanir aðstöðu okkar meira en auðvelt er að vita eða sanna. Með stórum hækkuðum verðtolli sá síðasta þing fyrir nægilegum ráðstöfunum gegn óhóflegum innflutningi ópörfustu vörutegunda.

Það er afar óeðlilegt að láta heimildarlögin frá 1920 haldast lengur. Þurfi vegna ófyrirsjáanlegrar nauðsynjar að grípa til slíkra ráðstafana, sem þessi lög heimila, milli þinga, hefir stjórnin sama vopn í hendi eins og í öðrum slíkum kringumstæðum, það, að gefa út bráðabirgðalög.